

## **171. Þingflokksfundur, mánudagurinn 15. ágúst 2016 kl. 13.**

Fundinn sitja: Ásta Guðrún, Birgitta, Helgi Hrafn, Guðjón og Bylgja.  
Berglind ritar fundargerð.

### **1. Fundargerðir**

Fundargerð 170. fundar var samþykkt af viðstöddum. Helgi Hrafn samþykkti jafnframt fundargerðir 167.-169. fundar.

### **2. Dagskráin í dag**

Farið var yfir dagskrá þingfundar í dag. Ásta ræðir við mennta- og menningarmálaráðherra í óundirbúnum fyrirspurnartíma um hlutverk LÍN.

### **3. Óundirbúnaðar fyrirspurnir/störf þingsins**

Guðjón skráir þingmenn í störf þingsins á morgun.

### **4. Bréf af fundum þingflokksformanna og forsætisnefndar**

Birgitta brifaði af fundum formanna og þingflokksformanna og farið var yfir þinghald vikunnar. Ásta gerði grein fyrir því sem fram fór á sumarfundi forsætisnefndar og rætt var um þinghaldið framundan. Óskað var eftir að númer myndu fylgja málum á drögum að dagskrá þingfunda og sendir Berglind fyrirspurn þess efnis. Birgitta óskaði jafnframt eftir upplýsingum um skýrslu um stöðu lýðræðis í stafrænum heimi frá innanríkisráðherra og grefst Berglind fyrir um málið.

### **5. Bréf af nefndafundum**

Birgitta gerði grein fyrir fundi allsherjar- og menntamálanefndar sl. miðvikudag þar sem til umræðu var m.a. frumvarp um meðferð sakamála (skilyrði fyrir beitingu símahlustunar) og reglugerð 2016/679 um persónuvernd og gagnaöryggi.

Ásta greindi frá fundi efnahags- og viðskiptanefndar þar sem rætt var um aðgerðir stjórnvalda gegn skattsvikum og einnig frá fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar.

### **6. Viðtalsbeiðni**

Hollenskur blaðamaður óskar eftir viðtali. Guðjón hefur samand við viðkomandi og spyrst frekar fyrir um málið.

### **7. Fundur fólksins 2.-3. september**

Þingmenn Pírata gera ráð fyrir að mæta á pallborðsumræður á Fundi fólksins. Guðjón svarar erindinu og athugar hvort Smári geti tekið að sér að sitja pallborðsumræður um neytendavernd á fjármálamarkaði en Ásta mun sitja pallborðið um höfundarréttarmál.

### **8. Fundur með forseta Íslands**

Ákveðið var að Birgitta fari á fund forseta.

### **9. Fyrirspurn frá Þjóðfylkingunni**

Endanleg ákvörðun hefur ekki verið tekin, málið verður rætt betur síðar.

### **10. Erindi um fæðingarorlof**

Dagskrárlið frestað.

### **11. Önnur mál**

Fleira var ekki rætt.

Fundi slitið kl. 14.45.